

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþágu til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. október 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Eldborgar í Hnappadal.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Eldborg í Hnappadal og næsta nágrenni sem **náttúruvætti**.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan ræður Borgarlækur. Að sunnan, vestan og norðan hugsast dregnar hornréttar, beinar línur til höfuðátta, hvergi nær rótum Eldborgargíga en 600 m.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Breytingar á landi, mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað.
2. Gangandi fólk er heimil för um svæðið, en öllum er skylt að sýna varúð, svo að ekki spillist gróður eða minjar. Fólk er hvatt til að fara merktar gönguslóðir í hlíðum gíganna og annars staðar, þar sem það á við.
3. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil.
4. Umferð ferðafólks með hross á svæðinu er háð leyfi og beit stranglega bönnuð.
5. Heimilt er að takmarka beit búfjár, ef það þykir nauðsynlegt vegna gróðurs svæðisins. Girðingar skulu settar í samráði við heimamenn.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. október 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.



10. október 1974.

AUGLÝSING

Nr. 310.

um skipulag í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Hálshrepps í Suður-Þingeyjarsýslu, að undanteknum nauðsynlegum byggingum á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. október 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.